



Stöðvarhvarf 2-8, Vatnsendahvarf

Fyrirspurn

Kópavogi. 20. ágúst 2025

One: 2508381/khk

Minnisblað

Vísað er til fyrirspurnar Tendra arkitekta, dags 11. ágúst 2025, varðandi breytingu á deiliskipulagi Vatnsendahvarfs vegna lóðanna nr. 2-4 og 6-8 við Stöðvarhvarf. Spurt er hvort heimilað verði að breyta sérskilmálum sem snúa að stigahúsum fjölbýlishúsa þannig að ákvæði um gegnumgang úr stigahúsum út í garð verði felldir brott.



Forsendur í deiliskipulagi

Deiliskipulag Vatnsendahvarfs, dags. 14.11.2023, er í gildi fyrir lóðirnar nr. 2–4 og 6–8 við Stöðvarhvarf. Í skipulaginu er gert ráð fyrir fjölbýlishúsum F1 á umræddum lóðum með ákveðnum skilmálum um stigahús og aðkomu. Fyrir fjölbýlishús gilda sérskilmálar í kafla 5.6 „Stigahús skulu vera gegnum geng á inngangshæð til að tryggja aðgang að lóð beggja megin við byggingu og bílageymslum eftir atvikum“.



Yfirlitsmynd sem sýnir tegundir íbúða í Vatnsendahvarfi. Stöðvarhvarf 2-8 er húsatýpa F1

Umsögn

Tekið er jákvætt í fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi fyrir húsatýpu F1. Um er að ræða lítill fjölbýlishús og aðgengi að garði er gott á milli húsa, og því ekki talin þörf á að halda í skilyrði um gegnumgang beint úr stigahúsi út í garð.

Breytingin hefur ekki áhrif á grenndarhagsmunum aðliggjandi byggðar og fellur vel að heildarskipulagi svæðisins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt berist hún.

Kristjana H. Kristjánsd.